

## AUGLÝSING um deiliskipulag í Vesturbyggð.

*Efnislosunarsvæði í Vatneyrarhlíð á Patreksfirði.*

Þann 10. desember 2012 samþykkti bæjarstjórn Vesturbyggðar að auglýsa tillögu að deiliskipulagi vegna urðunarsvæðis í Vatneyrarhlíð á Patreksfirði. Gerðar voru þær breytingar að svæðið verður skilgreint sem efnislosunarsvæði og nefnist þá deiliskipulagið: „Deiliskipulag efnislosunarsvæðis í Vatneyrarhlíð, Patreksfirði“. Deiliskipulagssvæðið er 3,6 ha að stærð og er gert ráð fyrir að koma fyrir allt að 400 tonnum efnis árlega til landmótunar og frágangs á svæðinu. Bæjarstjórn samþykkti deiliskipulagið á fundi sínum þann 17. apríl 2013.

Deiliskipulagið var auglýst samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög gera ráð fyrir.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

*Vesturbyggð, 26. júní 2013.*

**Pórir Sveinsson**, starfandi bæjarstjóri.

---

B-deild – Útgáfud.: 10. júlí 2013